

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2/9 2020
Málsnr:	1801574
Bréfal:	032 0



Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 24. ágúst 2020
Tilv.: SRN17120082/4.10.7

Með bréfi til allra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2018, óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir upplýsingum um alla samninga sveitarfélaga sem fela í sér samstarf við önnur sveitarfélög og starfað er eftir, ásamt afritum af þeim. Einnig var óskað eftir álitum sveitarstjórna á því hvort endurskoða þurfi ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, um samstarf sveitarfélaga og þá að hvaða leyti. Markmið verkefnisins var að afla heildstæðra upplýsinga um þá samninga sem starfað er eftir í samstarfi sveitarfélaga um land allt og leggja mat á hversu vel þeir samræmast kröfum sem gerðar eru til slíkra samninga í lögum, einkum ákvæðum er varða framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvæðana.

Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir ráðuneytisins, þá afhenti sveitarfélagið ekki umbeðnar upplýsingar sem er verulega ámælisvert þar sem um er að ræða lögbundnar skyldur sveitarfélagsins, sbr. 113. gr. sveitarstjórnarlaga. Í ljósi þess að ráðuneytinu bárust samningar allra annarra sveitarfélaga á sama landsvæði taldi ráðuneytið ekki tilefni til að beita þeim úrræðum sem kveðið er á um í 116. gr. sveitarstjórnarlaga, á þessu stigi málsins.

Yfirferð ráðuneytisins leiddi í ljós að ýmsir annmarkar eru á meirihluta samninganna. Af þeim sökum tók ráðuneytið málið til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga og hefur jafnframt gefið út leiðbeiningar á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 112. gr. laganna þar sem fjallað er um þær lagakröfur sem gerðar eru um form, skilyrði og takmörk á samvinnu sveitarfélaga, sjá leiðbeiningar ráðuneytisins í máli nr. SRN1712008, dags. 20. ágúst 2020 sem birtar hafa verið á urskurdir.is.

Með vísan til framangreinds gerir ráðuneytið athugasemdir við eftirfarandi samninga Hafnarfjarðarkaupstaðar sem varða samvinnu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög.

Strætó bs., dags. 29. desember 2004. (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Ekki er að finna ákvæði um ályktunarhæfi funda er varða hefðbundnar ákvarðanir stjórnar heldur einungis er varða meiriháttar ákvarðanir. (3. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Umboð stjórnar mætti skýra betur. (4. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Ekki er fjallað um heimildir til samninga við einstök sveitarfélög. (7. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Samkvæmt 16. gr. samningsins þá skal endurskoða hann á 10 ára fresti. Hann hefur þó ekki verið endurskoðaður síðan 2004.

Stofnsamningur Sorpu bs., dags. 1. janúar 2007. (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær,

Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Ekki er að finna ákvæði um ályktunarhæfi funda er varða hefðbundnar ákvarðanir stjórnar heldur einungis er varða meiriháttar ákvarðanir. (3. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Umboð stjórnar mætti skýra betur. (4. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Samkvæmt 12. gr. samningsins þá skal endurskoða hann á 10 ára fresti. Hann hefur þó ekki verið endurskoðaður síðan 2007.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 31. maí 2000. (SHS) (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Í samningnum kemur ekki fram hver eignarhluti einstakra sveitarfélaga er. (1. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Ekki er að finna ákvæði um ályktunarhæfi funda er varða hefðbundnar ákvarðanir stjórnar heldur einungis er varða meiriháttar ákvarðanir. (3. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Umboð stjórnar mætti skýra betur. (4. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Ekki er að finna almennt ákvæði um hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar. (5. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
- Ekki er fjallað um heimildir til samninga við einstök sveitarfélög. (7. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010. (Reykjavík, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Á grundvelli samkomulagsins geta sveitarfélögin gert með sér þjónustusamninga sem geta falið í sér framsal valds. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli nr. SRN1712008, skal slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi, í samræmi við 96. gr. svstjl., þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga.

Samstarfssamningur við RannUng um rannsóknarverkefni í leikskólum, dags. 6. október 2015. (Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Ekki er fjallað um slít samvinnu. (2. mgr. 92. gr. svstjl.)

Samningur um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla, dags. 8. apríl 2004. (Akraneskaupstaður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Ekki er fjallað um slít samvinnu. (2. mgr. 92. gr. svstjl.)

Sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, dags. 19. maí 2014. (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Þar sem samningurinn felur í sér framsal valds í skilningi 93. gr. svstjl. þarf hann að vera á réttu formi skv. ákvæðinu. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli nr. SRN1712008, skal slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi, í samræmi við 96. gr. svstjl., þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga.

Samningur um notkun beitarhólfs í landi Hafnarfjarðar við Krisuvíkurbjarg, dags. 9. mars 2018. (Hafnarfjörður, Garðabær)

- Ekki er fjallað um ákvarðanatöku í samningnum. (2. mgr. 92. gr. svstjl.)

Yfirferð ráðuneytisins leiddi einnig í ljós að fjölmargir samningar höfðu ekki hlotið staðfestingu viðeigandi ráðuneytis en skv. 93. gr. sveitarstjórnarlaga öðlast samningur sveitarfélaga um byggðasamlag eða samningur um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög, ekki gildi fyrr en við staðfestingu ráðuneytis.

Ráðuneytið beinir því til sveitarfélagsins að það yfirfari framangreinda samninga og aðra samninga sem fela í sér samvinnu við önnur sveitarfélög, í því skyni að bæta úr þeim annmörkum sem hér hafa verið tilgreindir og öðrum annmörkum sem kunna að vera á samningunum.

Athygli er vakin á því að yfirferð ráðuneytisins á samningum sveitarfélaga felur ekki í sér tæmandi athugun á hverjum og einum samningi sem felur í sér samvinnu þeirra á milli. Útilokar ráðuneytið ekki að fleiri athugasemdir verði gerðar við einstaka samninga ef ástæða þykir.

Fer ráðuneytið fram á að verða upplýst um afrakstur framangreindrar vinnu eigi síðar en **15. nóvember n.k.** í netfangið srn@srn.is. Telji sveitarfélagið að ekki takist að ljúka umræddri vinnu fyrir þann tíma, skal beiðni um frekari frest einnig berast í sama netfang.

Mun það ráðast af svörum sveitarfélagsins hvort ráðuneytið telji ástæðu til að taka stjórnslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar, sbr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Rétt er að taka fram að slíku máli kann að ljúka með sérstökum fyrirmælum ráðuneytisins, á grundvelli 3. tl. 2. mgr. 112. gr. og 115. gr. sveitarstjórnarlaga, um að koma málum í lögmaett horf. Þá getur ráðuneytið, eftir atvikum, tekið ákvörðun um fella samning sveitarfélags um samvinnu við annað sveitarfélag úr gildi, sbr. 3. másl. 1. mgr. 115. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

